

DRÖG
Aðalfundur
Félags um menntarannsóknir
haldinn í Háskóla Íslands þriðjudaginn 18. mars 2003

Mættir-stjórn: Allyson Macdonald formaður, Börkur Hansen, Guðrún Geirsdóttir, Inga Þórunn Halldórsdóttir, Júlíus K. Björnsson og Kristín Aðalsteinsdóttir. *Aðrir:* Hanna Hjartardóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Ragnhildur Bjarnadóttir, Amalía Björnsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Haukur Arason, Sólveig Karvelsdóttir, Gyða Jóhannsdóttir, Michael Dal, Gretar L. Marinósson, Þuríður Jóhannsdóttir, Þórdís Þórðardóttir, Guðríður Adda Ragnarsdóttir, Ólafur Proppé, Guðný Guðbjörnsdóttir, Sif Einarsdóttir.

Allyson Macdonald formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Bað hún Júlíus Björnsson að vera fundarstjóra að höfðu samþykki fundarins. Gekk hann til dagskrár, sbr. ákvæði um aðalfund og dagskráratrði í 8. grein í lögum félagsins.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður gerði grein fyrir starfsemi félagsins og dreifði greinargerð þar um – *Félag um menntarannsóknir. Ársskýrsla. Mars 2002 - febrúar 2003* (sjá [greinargerðina](#) á heimasíðu FUM). Sagði hún að um 180 einstaklingar væru skráðir í félagið. Þá gerði hún grein fyrir vinnu stjórnar í tengslum við hvert markmið félagsins. Að kynningu lokinni komu fram nokkrar fyrirspurnir og ábendingar.

2. Skýrslur nefnda og starfshópa

Ekkert á dagskrá undir þessum lið.

3. Reikningar félagsins

Júlíus Björnsson gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins fyrir almanksárið 2002. Tekjur voru kr. 221.818.65 og gjöld kr. 31.182.00. Reksrastaðan um áramótin 2002-2003 var því kr.190.636.65. Í máli gjaldkera kom fram inneignin í dag væri talsvert minni en við áramótin; staðan væri þannig að um 120 þúsund væru til í sjóði og nokkrir reikningar lögju fyrir til greiðslu. Vegna misskilnings voru reikningar ekki yfirfarnir af skoðunarmönnum reikninga fyrir fundinn.

4. Lagabreytingar

Ekkert á dagskrá undir þessum lið.

5. Félagsgjöld

Ekkert á dagskrá undir þessum lið. (Félagsgjöld því óbreytt).

6. Stjórnarkjör

Allyson Macdonald formaður greindi frá þeirri ákvörðun sinni að biðjast lausnar sem formaður; sagðist hún vera þátttakandi í mörgum mjög krefjandi verkefnum og ætti hún erfitt með að sinna formennsku í félaginu með viðunandi hætti. Ein tillaga lá fyrir fundinum um endurnýjun í stjórn: Jóhanna Einarsdóttir formaður til eins árs, Kristín Aðalsteinsdóttir varaformaður (til þriggja ára frá því í fyrra), Júlíus Björnsson gjaldkeri (til tveggja ára frá því í fyrra) Börkur Hansen (til þriggja ára frá því í fyrra), Guðrún Geirsdóttir (til þriggja ára frá því í fyrra), og Kristín Guðmundsdóttir (til eins árs). Varamenn: Inga Þórunn Halldórsdóttir

(til eins árs), Gyða Jóhannsdóttir (til eins árs), og Gretar Marinósson (til eins árs). Tillaga þessi var samþykkt samhjóða.

7. Skoðunarmenn reikninga

Amalía Björnsdóttir og Hanna Hjartardóttir voru endurkjörnar.

8. Nefndakjör

Ekkert á dagskrá undir þessum lið.

9. Önnur mál

Nokkrar umræður urðu undir liðnum önnur mál, einkum um útgáfumál. Í máli stjórnarmanna kom fram að mikið hefði verið mikið rætt um þetta efni á stjórnarfundum sem og á málstofu FUM í tegnslum við UT-ráðstefnuna á Akureyri í lok febrúar. Hugmyndir væru margar í þessum efnum, e.t.v of margar. Sumir t.d. vildu gefa út hefðbundið fagtímarit, aðrir tímarit í anda Nýrra menntamála sem lögðust af fyrir nokkrum árum og enn aðrir netttímarit eða fréttabréf. Í umræðunum komu fram ábendingar um að mikilvægt væri að reyna að afla styrkja til útgáfumála en ljóst væri að útgáfa væri kostnaðarsöm. Þá kom fram hugmynd um að e.t.v. væri best að skipa sérstakan starfshóp til að vinna með stjórninni í þessu máli.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Börkur Hansen ritaði fundargerð.

Ath! Næsti fundur stjórnar verður 4. apríl kl. 16:15 í fundarherbergi bókasafns KHÍ